

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. mars 2015
2015020033/42-1-3
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða, 34. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða, 34. mál. Tillagan felur í sér að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að láta fara fram óháð mat á hagsmunum Íslands vegna hvalveiða í íslenskri lögsögu þar sem reynt verður að meta sem flesta þætti s.s. sölu á hvalkjöti og þróun markaða, kostnað við kynningu af hálfu stjórvalda vegna hvalveiðistefnunnar, áhrif hvalveiðistefnu stjórvalda á afkomu ferðaþjónustu og sjávarútvegs og áhrif hvalveiða á stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og á samskipti við einstök ríki.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að full ástæða sé til að meta heildarhagsmuni Íslands vegna hvalveiða. Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktuninni fléttast efnahagslegir (og félagslegir) hagsmunir einstakra atvinnugreina vegna hvalveiða ótvírætt inn í afstöðu Íslands um vernd og nýtingu hvalategunda. Ber þar mest á að þessir hagsmunir eru notaðir sem rök fyrir því að „óþarfi“ sé að vernda hvali með sama hætti og önnur dýr hér innanlands og að Ísland gerði fyrirvara við flokkun hvalategunda meðal dýra í útrýmingarhættu sbr. CITES samninginn. Hér á landi kemur þetta m.a. fram í því að í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 eru hvalir og selir undanskildir. Náttúrufræðistofnun vill enn og aftur ítreka þá afstöðu stofnunarinnar um að full ástæða sé til að bæta lagasetningu um vernd og nýtingu sjávarspendýra og setja hvali og seli undir sömu lög og önnur spendýr.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson

forstjóri

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson

